

Til staðfestingar allramildlegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

1871.

22. maí.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til allra embættismanna á Íslandi, um ferð Johnstrups háskólakennara til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu.¹

23. maí.

Þaræð kennari í steinafræði við háskólann í Kaupmannahöfn, J. F. Johnstrup, riddari dannebrogssorðunnar, samkvæmt ósk stjórnarráðsins hefir boðizt til, að fara til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til þess að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælist stjórnarráðið til, jafnframt og vísað er til meðfylgjanda eptirrits af² erindisbréfi

1) Þetta meðmælingarbréf var fengið í hendur háskólakennara Johnstrup.

2) Eptir að þér, herra háskólakennari, samkvæmt ósk stjórnarráðsins, hafið boðizt til að fara heðan til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælumst vér til útaf því, sem yður þannig er falið á hendur, að þér

1. einkum leitist við að kynna yður stærð og þykkt bæði hinna köldu og heitu náma svo, að af því megi gjöra sér hugmynd um, hve mikið af brennisteini nú sé í námunum, og væri jafnframt æskilegt, ef afstaða námanna, ásigkomulag jarðvegarins og veðuráttar er því ekki til fyrirstöðu, að búinn sé til uppdráttur af námunum, bæði til þess að hann verði við hafður, ef námarnir verða rannsakaðir aptur, og til samanburðar við uppdrátt þann, sem *Henchel* bjó til 1775, og mætti ef til vill með þessu móti fá nokkra vitneskju um, hversu mikið námarnir mundu geta gefið af sér;

2. að þér rannsaðið, hvort líkindi sé til, að leggja megi járnbraut án mikils kostnaðar frá námunum til Húsavíkur, eins og Lock* einusinni hafði í hyggju; og

*) Englendingur nokkur, sem hafði sókt um leigumála á námunum; sbr. Tíðindi frá alþingi, 1869, II., 74.

1871.

23. maí.

því, sem samið hefir verið handa háskólakennara Johnstrup, að allir embættismenn á Íslandi, sem tæður háskólakennari Johnstrup kann að leita til á ferðalagi sínu, láti honum í tæ alla aðstoð og hjálp, sem þarf til þess að framkvæma það, sem honum er falið á hendur.

24. maí.

35. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, um þegnlegt ávarp frá alþingi 1869.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, með bréfi 16. oktbr. 1869 senduð hingað þegnlegt ávarp, dagsett alþingi 19. septbrm. 1869 og undirskrifað af Jóni Sigurðssyni og Halldóri Jónssyni, hafið þér sem konungsfulltrúi skýrt frá, að hinn fyrsti konungkjörni alþingismaður, háyfirdómari í hinum konunglega íslenska landsyfrrætti, Þórður Jónasson, hafi fyrir sig og fyrir hönd fimm annara nefndra alþingismanna í bréfi leidd áthygli yðar að því, að þingið hafi ekki verið fullskipað samkvæmt tilskipun 8. marz 1843, 61. gr., þá er ályktun var gjörð um ávarpið, þar sem hinn fimmti konungkjörni alþingismaður Pétur biskup Pétursson var eigi á fundi, og fyr nefndir sex alþingismenn gengu af þinginu,

3. að þér útvegið skýrslur um brennisteinsnámið í Krýsuvík og megn brennisteinsins í námunum þar, til samanburðar við námur landssjóðsins í Þingeyjarsýslu.

Stjórnarráðinu mundi og þykja vænt um, að þér að svo miklu leyti, sem unnt er, um leið notið tækifærið til að skoða silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, og rannsaka, hvort ekki mætti hafa meiri að af honum, en nú fæst með því, að hann er leigður manni fyrir 20 rd. afgjald á ári.²

Að endingu mælumst vér til, að þér sendið stjórnarráðinu, þegar þér eruð kominn heim aptur, nákvæma skýrslu um rannsóknir yðar og árangurinn af þeim, og jafnframt þá um leið uppástungu yðar um, hvernig framvegis megi nota brennisteinsnámana og silfurbergsnámann, og um meðferðina á þeim.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 424.